

# **Fjársýsla ríkisins**

**09 103**

**Ársreikningur 2020**

## Efnisyfirlit

	<b>Bls.</b>
Skýrsla og áritun forstöðumans .....	2
Yfirlit um afkomu ársins .....	3
Efnahagsreikningur .....	4
Sjóðstreymisyfirlit .....	5
Skýringar .....	6

**Fjársýsla ríkisins**  
**kt. 540269-7509**  
**Vegmúla 3, 108 Reykjavík**

## Skýrsla og áritun forstöðumanns

Fjársýsla ríkisins er ríkisaðili í A-hluta. Starfsemi stofnunarinnar er að annast fjárreiður ríkissjóðs á grundvelli ákvæða í lögum um opinber fjármál.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 05 og málaflokk 30 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2020 var ársveltan kr. 2.153,2 milljónir og afkoma kr. -45,0 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 119,9 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 596,0 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2020 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Fjársýslu ríkisins í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Fjársýslu ríkisins fyrir árið 2020 með undirritun sinni.

Ingbór Karl Eiríksson,  
fjársýslustjóri

(undirritað rafrænt)

## Yfirlit um afkomu ársins 2020

	Skýr	2020	2019
<b>Tekjur</b>			
Tekjufærsla fjárveitinga .....	2	1.963.600.000	1.937.100.000
Seld þjónusta .....	3	134.153.884	106.802.164
Framlög og ýmsar tekjur .....	4	1.371.917	0
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....	2	54.111.989	36.835.279
<b>Tekjur samtals</b>		<b>2.153.237.790</b>	<b>2.080.737.443</b>
<b>Gjöld</b>			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður .....	5	977.147.090	905.245.194
Annar rekstrarkostnaður .....	6	1.166.981.360	1.109.246.769
Afskriftir .....	7	54.111.989	36.835.279
<b>Gjöld samtals</b>		<b>2.198.240.439</b>	<b>2.051.327.242</b>
<b>Afkoma fyrir fjármagnsliði</b>		<b>(45.002.649)</b>	<b>29.410.201</b>
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap .....		(17.797)	(53.031)
		(17.797)	(53.031)
<b>Afkoma ársins</b>		<b>(45.020.446)</b>	<b>29.357.170</b>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

## Efnahagsreikningur 31. desember 2020

	Skýr	31.12.2020	31.12.2019
<b>Eignir</b>			
<b>Fastafjármunir</b>			
Ófnislegar eignir .....	8	<u>197.550.320</u>	<u>185.200.533</u>
Varanlegir rekstrarfjármunir:	9		
Áhöld, tæki og búnaður .....		<u>31.279.788</u>	<u>33.389.238</u>
<b>Fastafjármunir samtals</b>		<u>228.830.108</u>	<u>218.589.771</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Viðskiptakröfur .....		2.491.000	1.174.700
Tengdir aðilar .....	10	341.215.446	315.948.158
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður .....	11	<u>23.433.450</u>	<u>23.218.264</u>
<b>Veltufjármunir samtals</b>		<u>367.139.896</u>	<u>340.341.122</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>595.970.004</u>	<u>558.930.893</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>	12		
Hrein eign .....		<u>119.931.525</u>	<u>164.951.880</u>
<b>Eigið fé samtals</b>		<u>119.931.525</u>	<u>164.951.880</u>
<b>Skuldir</b>			
Tengdir aðilar .....	10	418.173	115.155
Viðskiptaskuldir .....		75.390.349	69.185.552
Ýmsar skammtímaskuldir .....	13	105.796.508	98.342.868
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda .....	14	<u>294.433.449</u>	<u>226.335.438</u>
<b>Skuldir samtals</b>		<u>476.038.479</u>	<u>393.979.013</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>595.970.004</u>	<u>558.930.893</u>
<b>Aðrar upplýsingar</b>	15		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

## Sjóðstreymisýfirlit ársins 2020

	Skýr	2020	2019
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins .....		(45.020.446)	29.357.170
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....	7	54.111.989	36.835.279
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....		(54.111.989)	(36.835.279)
		<u>(45.020.446)</u>	<u>29.357.170</u>
Lækkun (hækkun) rekstartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur .....		(1.531.486)	(2.919.189)
Tengdir aðilar .....		32.893.495	(65.006.819)
Birgðir .....		0	
Hækkun (lækkun) rekstartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir .....		13.658.437	42.697.076
		<u>45.020.446</u>	<u>(25.228.932)</u>
		<u>0</u>	<u>4.128.238</u>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>			
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Kaupverð óefnislegra eigna .....	8	(56.047.314)	(78.058.065)
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna .....	9	(8.305.012)	(8.050.797)
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna .....		10.000	128.744
		<u>(64.342.326)</u>	<u>(85.980.118)</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Breytingar á árslokastöðu fyrra árs samkvæmt ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins .....			
Fjárfestingarframlag .....		0	(148.120)
		<u>64.342.326</u>	<u>82.000.000</u>
		64.342.326	81.851.880
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>			
Handbært fé í byrjun árs .....		0	0
		<u>0</u>	<u>0</u>
		<u>0</u>	<u>0</u>
<b>Handbært fé í árslok</b>			

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisýfirlits.

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu (að öðru leyti en við mat á sem xxx sem byggir á núvirtu framtíðarfjárflæði þeirra).

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds. Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda. Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

### Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

### Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru upphaflega færðar á kostnaðarverði.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru færðar á kostnaðarverði að frádreginni virðisrýrnun og niðurfærslum. Niðurfærslur eru gjaldfærðar línulega yfir líftíma eignarinnar í yfirliti um afkomu. Almennt er áætlaður nýtingartími tölvuhugbúnaðar sex til átta ár.

Óefnislegar eignir með ótakmarkaðan nýtingartíma eru ekki niðurfærðar en eru prófaðar a.m.k. árlega með tilliti til virðisrýrnunar.

Innleyst tap vegna ráðstöfunar óefnislegra eigna er fært í yfirlit um afkomu á því tímabili þegar viðskiptin eiga sér stað. Söluverð eigna og þar með söluhagnaður myndar fjárfestingarheimild og er meðhöndlað þannig.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru skoðaðar a.m.k. árlega til að ákvarða hvort einhver vísbending sé um virðisrýrnun. Ef endurheimtanleg fjárhæð óefnislegrar eignar er lægri en bókfært verð hennar, er bókfært verð hennar fært í endurheimtanlega fjárhæð og virðisrýrnunartap fært í yfirlit um afkomu.

### Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörstigi og breytt ef við á.

## Skýringar

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður ..... 3-13 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söluþegi og er hluti af afkomu ársins.

Vaxtagjöld af lánum sem tekin hafa verið til þess að fjármagna kaup á varanlegum rekstrarfjármunum eru eignfærð á þeim tíma sem tekur að koma þeim í nýtingarhæft ástand. Önnur vaxtagjöld eru gjaldfærð í yfirlit um afkomu.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

### Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

### Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

### Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

### Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

## Skýringar

	2020	2019
<b>2 Tekjufærsla fjárveitinga</b>		
Fjárveiting ársins .....	1.963.600.000	1.937.100.000
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	54.111.989	36.835.279
	<u>2.017.711.989</u>	<u>1.973.935.279</u>

### Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum .....	1.947.800.000	0	0	1.947.800.000
Fjáraukalög 5 .....	(6.200.000)	0	0	(6.200.000)
Millifært úr varasjóð .....	22.000.000	0	0	22.000.000
<b>Fjárveiting til tekna .....</b>	<b>1.963.600.000</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>1.963.600.000</b>
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum .....	(2.008.620.446)	0	0	(2.008.620.446)
<b>Staða fjárveitinga ársins í lok árs .....</b>	<b>(45.020.446)</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>(45.020.446)</b>

	2020	2019
<b>3 Seld þjónusta</b>		
Verksala .....	25.800.250	24.192.650
Kostnaðarhlutdeild .....	104.880.159	71.699.007
Mötuneyti starfsmanna .....	2.768.475	4.555.407
Fræðslustarfsemi og fundir .....	705.000	6.355.100
	<u>134.153.884</u>	<u>106.802.164</u>

### 4 Framlög og ýmsar tekjur

Framlög frá ríkisaðilum í A-hluta .....	1.371.917	0
	<u>1.371.917</u>	<u>0</u>

### 5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun .....	780.551.144	726.350.023
Orlof, breyting .....	13.706.545	4.409.023
Launatengd gjöld .....	174.913.540	166.006.434
Starfsmannakostnaður .....	7.975.861	8.479.714
	<u>977.147.090</u>	<u>905.245.194</u>
Meðalfjöldi stöðugilda .....	84	81

## Skýringar

	2020	2019
<b>6 Annar rekstrarkostnaður</b>		
Bækur, ritföng, filmur o.fl. ....	900.435	1.711.934
Byggingarvörur, almennar .....	141.199	245.943
Tæki og búnaður til innréttinga .....	16.185	9.596
Ýmis tæki og áhöld .....	1.862.491	1.518.190
Varahlutir og viðhaldsvörur .....	149.745	102.069
Orkugjafar .....	2.563.012	2.564.013
Matvæli .....	7.583.504	9.546.700
Almennar rekstrarvörur .....	844.107	1.089.874
Vörukaup, almenn	14.060.678	16.788.319
Kennslu- og föndurvörur .....	14.363	41.100
Ýmsar sérgreindar vörur .....	150.364	354.684
Vörukaup, sérgreind	164.727	395.784
Fundir, námskeið, risna .....	3.549.764	7.343.979
Ferðir, uppihald .....	834.339	3.938.812
Akstur .....	851.221	1.659.957
Sérfræðiþjónusta .....	872.368.141	828.729.532
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld .....	42.871	56.444
Auglýsingar og kynningarstarfsemi .....	630.343	1.527.382
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta .....	3.542.387	4.109.431
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	881.819.066	847.365.537
Afnotagjöld .....	150.231.242	127.179.938
Leigugjöld .....	95.403.042	93.191.765
Notkun véla og flutningatækja .....	134.250	78.791
Verkkaup .....	13.512.377	13.276.573
Kostnaðarhlutdeild .....	11.296.000	10.560.000
Áhættutap og bætur .....	4.990	2.200
Tryggingar, lögboðnar .....	42.450	110.131
Opinber gjöld .....	142.538	127.731
Tilfærslur .....	170.000	170.000
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	270.936.889	244.697.129
Annar rekstrarkostnaður samtals	1.166.981.360	1.109.246.769
<b>7 Afskriftir</b>		
Áhöld, tæki og búnaður .....	10.283.687	8.738.484
Sölutap og úreltar eignir .....	130.775	0
Niðurfærsla óefnislegra eigna .....	43.697.527	28.096.795
	54.111.989	36.835.279

## Skýringar

	<b>31.12.2020</b>	<b>31.12.2019</b>
<b>8 Óefnislegar eignir</b>		
Óefnislegar eignir .....	197.550.320	185.200.533
Óefnislegar eignir greinast þannig í árslok 2020:		<b>Hugbúnaður</b>
Stofnverð 1.1.2020 .....		230.083.441
Viðbót á árinu .....		56.047.314
		<u>286.130.755</u>
Niðurfært 1.1.2020 .....		44.882.908
Niðurfærsla ársins .....		43.697.527
		<u>88.580.435</u>
Staða 31.12.2020 .....		<u>197.550.320</u>
<b>9 Varanlegir rekstrarfjármunir</b>		
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld, tæki og búnaður .....	31.279.788	33.389.238
	<u>31.279.788</u>	<u>33.389.238</u>
Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2020:		<b>Áhöld, tæki og búnaður</b>
Staða 1.1.2020 .....		71.236.704
Viðbætur á árinu .....		8.305.012
Selt/niðurfært á árinu .....		(257.982)
		<u>79.283.734</u>
Afskriftir 1.1.2020 .....		37.847.466
Selt/niðurfært á árinu .....		(127.207)
Afskrift ársins .....		10.283.687
		<u>48.003.946</u>
Staða 31.12.2020 .....		<u>31.279.788</u>
	<b>31.12.2020</b>	<b>31.12.2019</b>
<b>10 Tengdir aðilar</b>		
Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.		
<i>Kröfur á tengda aðila:</i>		
Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	281.374.843	295.451.001
Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs .....	59.840.603	20.497.157
	<u>341.215.446</u>	<u>315.948.158</u>
<i>Skuldir við tengda aðila:</i>		
Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs .....	418.173	115.155
	<u>418.173</u>	<u>115.155</u>
<b>11 Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður</b>		
Fyrirframgreiddur kostnaður .....	23.433.450	23.218.264
	<u>23.433.450</u>	<u>23.218.264</u>

## Skýringar

	31.12.2020	31.12.2019
<b>12 Eigið fé</b>		
Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;		
<b>Hrein eign</b>		
Jöfnuður 1.1. ....	164.951.880	135.742.830
Breytingar á árslokastöðu fyrra árs samkvæmt ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins .....	91	(148.120)
Afkoma ársins .....	(45.020.446)	29.357.170
Jöfnuður 31.12. ....	<u>119.931.525</u>	<u>164.951.880</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

### 13 Ýmsar skammtímaskuldir

Ógreitt orlof .....	105.703.391	91.996.846
Ógreidd laun .....	0	5.528.496
Önnur ógreidd gjöld .....	93.117	817.526
	<u>105.796.508</u>	<u>98.342.868</u>

### 14 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2020	31.12.2019
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingarfjárveitinga .....	228.830.108	218.589.771
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (Umframráðstafað til fjárfestinga), óefnislegar eignir .....	51.939.233	(4.713.453)
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga, varanlegir rekstrarfjármunir .....	13.664.108	12.459.120
	<u>294.433.449</u>	<u>226.335.438</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga- fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 1.1.2020 .....	218.589.771	7.745.667	226.335.438
Fjárfestingarfjárveiting ársins .....	0	122.200.000	122.200.000
Söluhagnaður varanlegra rekstrarfjármuna .....	0	10.000	10.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	8.305.012	(8.305.012)	0
Fjárfesting í óefnislegum eignum .....	56.047.314	(56.047.314)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	(54.111.989)	0	(54.111.989)
	<u>228.830.108</u>	<u>65.603.341</u>	<u>294.433.449</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2020 munu kr. 62,8 milljónir koma til tekna á árinu 2021.

## Skýringar

### 15 Aðrar upplýsingar

#### *Skuldbindandi samningar*

Fjársýslan hefur gert skuldbindandi samninga um húsnæði til ársloka 2027, þjónustusamninga um rekstur hugbúnaðarkerfa til næstu ára auk annara samninga. Árlegar greiðslu vegna húsaleigu nema kr. 98,1 milljón, vegna reksturs hugbúnaðarkerfa kr. 983,8 milljónum og vegna annara samninga kr. 12,7 milljónum.

#### *Veðsetningar*

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2020.

#### *Veittar ábyrgðir*

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

#### *Óefnislegar eignir*

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

#### *Óafturkallanleg loforð*

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

#### *Atburðir eftir reikningsskiladag*

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.